

Tillögur Kristjáns Arnar Elíassonar, Skákfélagi Íslands
að lagabreytingum fyrir aðalfund Skáksambands Íslands 2022

*(Allur lagatexti fyrir og eftir breytingar er skáletraður)

1. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

3. gr. Stjórnkerfi SÍ - e-stafaliður í 3. gr. eins og hann er núna:

e. annað hvort forseti í launuðu starfi, sbr. 11. gr., eða framkvæmdastjóri SÍ, sem ábyrgð ber á daglegum rekstri sambandsins.

Tillaga Kristjáns Arnar:

e. framkvæmdastjóri SÍ sem ábyrgð ber á daglegum rekstri sambandsins.

2. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

8. gr. Verkefni aðalfundar – 13. töluliður eins og hann er núna:

13. Kosnir 3 menn í kjaranefnd og einn til vara (annað hvert ár).

Tillaga Kristjáns Arnar:

töluliður 13 fellur brott og tölunúmer færast upp.

3. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

10. gr. Kosning stjórnar SÍ - 4. málsgrein eins og hún er núna:

Fyrst skal kjósa beinni kosningu forseta til tveggja ára. Forseti skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.

Tillaga Kristjáns Arnar (án feitletrunar):

*Fyrst skal kjósa beinni kosningu forseta til tveggja ára. Forseti skal ekki sitja lengur en **þrjú** kjörtímabil samfleytt.*

4. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

11. grein. Staða forseta og framkvæmdastjóra - greinin eins og hún er núna:

Heimilt er að forseti SÍ sé í föstu launuðu starfi fyrir sambandið, en fara þá skal eftir 13. gr. við ákvörðun starfskjara hans. Með föstu launuðu starfi er átt við að forseti sé einnig í ráðningarsambandi við SÍ og að starfshlutfallið sé að lágmarki 20%. Sé forseti SÍ einnig starfsmaður sambandsins, er stjórn óskylt að ráða framkvæmdastjóra. Forseti tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu stjórnar um hvort hann verði í föstu launuðu starfi.

Sé forseti annað hvort ekki í föstu starfi fyrir sambandið eða í minna en 20% starfshlutfalli er stjórn skylt að ráða framkvæmdastjóra.

Forseti eða framkvæmdastjóri fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu SÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

Stjórn setur launuðum starfsmönnum sambandsins starfslýsingu, þ.m.t. forseta og framkvæmdastjóra.

Tillaga Kristjáns Arnar:

11. gr. Staða framkvæmdastjóra

Stjórn SÍ er skylt að ráða framkvæmdastjóra. Starfshlutfall hans skal vera að lágmarki 50%.

Framkvæmdastjóri fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu SÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

Stjórn setur launuðum starfsmönnum sambandsins starfslýsingu, þ.m.t. framkvæmdastjóra.

5. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

13. grein. Kjaranefnd – greinin eins og hún er núna:

Kjaranefnd SÍ er skipuð þremur mönnum og einum til vara og er kosin á aðalfundi SÍ til tveggja ára.

Sé forseti SÍ í föstu launuðu starfi við sambandið skal nefndin leggja til laun hans, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar SÍ á tillögu nefndarinnar. Að breyttu breytanda getur stjórn SÍ leitað til kjaranefndar vegna starfskjara annarra starfsmanna, enda sé þá forseti ekki í föstu launuðu starfi við sambandið.

Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn SÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

Um hæfi þeirra sem kosnir eru í kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem kosnir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn SÍ eða varastjórn.

Tillaga Kristjáns Arnar:

13. gr. fellur brott. Tölunúmer annarra greina í lögum þessum færast upp.

6. Tillaga að lagabreytingum á lögum Skáksambands Íslands

Bráðabirgðaákvæði – ákvæðið eins og það er núna:

Nú hefur forseti verið kjörinn á aðalfundi í fyrsta skipti á grundvelli þessara laga og sá sem kjörinn var hefur í senn gegnt forsetaembættinu fyrir kosningarnar og föstu launuðu starfi við sambandið. Þá skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðu þessa forseta:

Forsetanum er heimilt í samræmi við 4. mgr. 10. gr. að gegna embættinu í samfellt sex tveggja ára kjörtímabil frá því tímamarki þegar hann var fyrst kjörinn á grundvelli þessara laga.

Við ákvörðun launakjara forsetans á hans fyrsta tveggja ára kjörtímabili skal miða við að þau verði að öllu leyti sambærileg við þau kjör sem hann hafði fyrir kosninguna. Kjaranefnd útfærir ráðningarskilmálana nánar, sbr. 13. gr.

Tillaga Kristjáns Arnar:

Bráðabirgðaákvæðið fellur brott.